

Fimmtudaginn 22. janúar 1998.

Nr. 15/1998.

Einar Einarsson

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

protabúi Vilhjálms Húnfjörð Vilhjálmssonar

(Guðmundur Jónsson hrl.)

Kærumál. Gjaldprotaskipti. Réttindaröð. Eignarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 7. janúar 1998. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. desember 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að hann fengi utan skuldaraðar við gjaldprotaskipti varnaraðila 1.814.217 krónur. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að framangreind fjárhæð ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. apríl 1995 til greiðsludags verði afhent sér utan skuldaraðar, sbr. 109. gr. laga nr. 21/1991. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur um annað en málskostnað, sem sóknaraðila verði gert að greiða sér í héraði ásamt kærumálskostnaði.

Með vísan til þess, sem greinir um lögskipti málsaðila í forsendum hins kærða úrskurðar, verður ekki fallist á, að sóknaraðili geti með réttu gert tilkall til framangreindrar fjárhæðar sem eignar í vörslum varnaraðila. Samkvæmt því verður niðurstaða úrskurðar héraðsdómara staðfest, þar á meðal um málskostnað, enda hefur varnaraðili ekki kært úrskurðinn fyrir sitt leyti.

Sóknaraðila verður gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Einar Einarsson, greiði varnaraðila, protabúi

Vilhjálmss Húnfjörð Vilhjálmssonar, 40.000 krónur í kærumáls-kostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. desember 1997.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 30. september 1997 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 12. nóvember sl., barst dóminum með bréfi Sigurðar I. Halldórssonar hdl., skiptastjóra í þrotabúi Vilhjálmss Húnfjörð Vilhjálmssonar, 25. júní 1997.

Sóknaraðili er Einar Einarsson, kt. 041154-2419, Dalvegi 2, Kópavogi.

Varnaraðili er þrotabúi Vilhjálmss Húnfjörð Vilhjálmssonar, kt. 230962-3169, Borgarholtsbraut 61, Kópavogi (áður Hraunbæ 154, Reykjavík).

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að eign hans, 1.814.217 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. apríl 1995 til greiðsludags verði afhent utan skuldaraðar, sbr. 109. gr. laga nr. 21/1991. Þá er krafist málskostnaðar auk dráttarvaxta frá dómsuppsögu, við skipti og fyrir héraðsdómi fyrir að halda kröfu þessari uppi.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að hafnað verði kröfu sóknaraðila um sértökurétt á grundvelli 109. gr. laga nr. 21/1991 til greiðslu á skuld, 1.814.217 kr., auk vaxta og kostnaðar og staðfest, að samþykkja beri fjárkröfu sóknaraðila sem almenna kröfu í þrotabúi varnaraðila. Jafnframt krefst hann málskostnaðar að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti.

II.

Sóknaraðili, sem er eigandi fyrirtækisins Sandtaks, gerði í júní 1994 um það verksamning við Vilhjálm Húnfjörð Vilhjálmsson, að Sandtak tæki að sér ryðhreinsun brúar á Ölfusá samkvæmt útboðs- og verklýsingu og tilboðsskrá Vegagerðar ríkisins. Endurgjald fyrir verkið skyldi vera 10.176.000 kr.

Málsatvikum lýsir sóknaraðili nánar svo, að krafa sín sé til komin vegna greiðslu vegagerðarinnar til Vilhjálmss Húnfjörð, sem hafi verið aðalverk-taki að ryðhreinsun og málun Ölfusárbrúar við Selfoss. Sóknaraðili hafi tekið að sér sandblástur sem aukaverktaki og greiðslan frá vegagerðinni verið ætluð sem bætur til hans vegna aukaverka, sem urðu til vegna frávika frá verklýsingu. Samið hafi verið um fjárhæð bóta á fundi aðila og vegagerðarinnar 30. desember 1994 og náðst samkomulag um greiðslu á 2.212.850 kr. vegna frávika þessara. Frá þeirri fjárhæð hafi verið dregnar 498.638 kr. vegna dagsekta. Mismunurinn, 1.814.217 kr., sé sú fjárhæð, sem gerð sé krafa um, að njóti sértökuréttar í þrotabúi varnaraðila.

Í verksamningi milli sóknaraðila og Vilhjálmss Húnfjörð var ákvæði í 5.

gr. þess efnis, að verkkaupi innti umsamið samningsverð þannig af hendi: „Verkkaupi semur við Vegagerð ríkisins um það, að við greiðslu reikninga vegna verksins fái verktaki greitt beint frá vegagerðinni fyrir þá verkþætti, sem lokið er hverju sinni samkvæmt samningi þessum.“

Að kröfu sóknaraðila framkvæmdi sýslumaðurinn í Kópavogi kyrrsetningargerð hjá varnaraðila 29. mars 1995. Að ábendingu lögmanns sóknaraðila var kyrrsett greiðsla til varnaraðila frá vegagerðinni, að fjárhæð 1.814.217 kr., og bókað í gerðabók, að greiðsla þessi væri til útborgunar föstudaginn 31. mars 1995.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 21. júlí 1995, var bú Vilhjálms Húnfjörð tekið til gjaldþrotaskipta og Sigurður I. Halldórsson hdl. skipaður skiptastjóri búans. Skiptastjórinn tilkynnti vegagerðinni með bréfi 21. september 1995, að með vísan til 138. gr. laga nr. 21/1991 væri umrædd kyrrsetning niður fallin og vegagerðinni bæri að greiða skiptastjóra hina kyrrsettu fjárhæð. Vegagerðin greiddi varnaraðila hina kyrrsettu greiðslu 17. nóvember 1995.

Með kröfulýsingum, dags. 10. febrúar 1997, lýsti sóknaraðili kröfum sínum í þrotabúið. Afstaða skiptastjóra var sú að taka þær til greina sem almennar kröfur, en hafnaði því, að önnur þeirra nyti sértökuréttar skv. 3. mgr. 120. gr. laga nr. 21/1991. Á skiptafundi 9. maí 1997 var framangreindri afstöðu skiptastjóra mótmælt. Lýsti hann þá yfir, að hann teldi sér ekki fært að hverfa frá fyrri afstöðu sinni og að ekki væri unnt að jafna þann ágreining, sem upp væri kominn. Með bréfi 23. júní 1997 krafðist skiptastjóri úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur um ágreininginn með vísan til 120. gr., sbr. 171. gr. laga nr. 21/1991.

Fyrirnefnd bótakrafa var til umfjöllunar í máli, sem rekið var fyrir Héraðsdómi Reykjaness. Í dómi, upp kveðnum 17. október 1995, var varnaraðili m. a. dæmdur til að greiða sóknaraðila 3.312.850 kr. að frádregnum helmingi dagsekta. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands, sem kvað upp dóm 23. janúar 1997 þess efnis, að Vilhjálmi Húnfjörð bæri m. a. að greiða sóknaraðila 2.528.724 kr.

Ekki er ágreiningur með aðilum um fjárhæð kröfu sóknaraðila, heldur einungis um það, hvort sá hluti hennar, sem hér er fjallað um, skuli njóta sértökuréttar samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991.

III.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að hann hafi í raun verið verktaki að umræddu verki ásamt Vilhjálmi Húnfjörð Vilhjálmsyni. Því til stuðnings er bent á, að hann hafi m. a. lagt fram verktryggingar beint til vegagerðarinnar. Þá hafi sóknaraðili og Vilhjálmur að jafnaði farið saman

til vegagerðarinnar, þegar greitt hafi verið út vegna verksins, en vegagerðin þó gert þá kröfu, að allt væri greitt út á eina kennitölu. Þá hafi breytingar á endurgjaldi vegna verksins eingöngu verið vegna verkþátta, sem féllu algerlega undir verksamning sóknaraðila.

Sóknaraðili telur, að með dómi Héraðsdóms Reykjaness 17. október 1995 hafi varnaraðili m. a. verið dæmdur til að afhenda sóknaraðila umrædda greiðslu að frádregnum helmingi dagsekta. Í rökstuðningi fyrir niðurstöðunni segi m. a.:

„Dómendum þykir fullljóst, að bótafjárhæð sú, sem hér um ræðir, er til komin vegna þeirra tafa, sem urðu á verkþætti stefnanda, sökum þess að stefnda vegagerðin bannaði að vinna verkið að nóttu. Þá er og á það að líta, að boð stefndu vegagerðarinnar um bætur er til komið vegna fyrirvara og krafna stefnanda um bætur, en stefndi, Vilhjálmur Húnfjörð, hafði ekki uppi um þetta fyrirvara eða kröfur, hvorki bréflega né á verfundum. Af þessu leiðir, að dómendur telja rétt, að bótafjárhæð renni til stefnanda.“

Málinu hafi verið áfrýjað af hálfu sóknaraðila til Hæstaréttar, sem dæmt hafi honum bæturnar að fullu án nokkurs frádráttar. Í dómi Hæstaréttar Íslands segi svo:

„Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann um það að sú fjárhæð, sem um samdist á fundinum 30. desember 1994, skuli renna til áfrýjanda.“

Sóknaraðili telur, að af niðurstöðu dómanna megi sjá, að bótagreiðsla sú, sem afhent hafi verið varnaraðila, sé ótvírætt eign sóknaraðila, enda þótt í 5. gr. verksamnings aðila sé kveðið á um, að greiðslur frá vegagerðinni skuli renna beint til sóknaraðila. Greiðslan hafi verið innt af hendi til varnaraðila, þar sem vegagerðin hafi ekki samþykkt beint réttarsamband við sóknaraðila. Varnaraðili hafi því eingöngu annast hlutverk milligöngumanns um viðtöku og greiðslu bótanna. Bæturnar hafi við greiðslu verið eyrnamerktaðar sóknaraðila og ekki mátt renna saman við fjármuni bús varnaraðila, enda megi sjá af aðdraganda bótagreiðslunnar, að ekki hafi verið um að ræða hefðbundna kröfu á varnaraðila í skilningi kröfuréttar, heldur kröfu í skilningi eignarréttar. Þetta megi sjá af því, að misnotkun á bótagreiðslunni hefði varðað við 247. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 um fjárdrátt, en ekki 250. gr. um skilaslík. Bótagreiðsluna beri því að afhenda sóknaraðila utan skuldaraðar, en ekki nýta til fullnustu kröfum almennra kröfuhafa.

Jafnframt vísar sóknaraðili til þess, að með kyrrsetningunni hafi bótagreiðslan verið sérgreind í vörslum varnaraðila, og eftir að dómur féll, hafi hún ekki runnið saman við eignir varnaraðila. Enn fremur hafi umkrafín

eign aldrei verið í umráðum þrotamanns, þar sem hún hafi verið greidd þrotabúi hans eftir frestdag og því hvorki getað runnið saman við eignir þrotamanns né kröfuhafar hans mátt ætla, að þeir gætu fengið fullnustu í henni.

IV.

Varnaraðili bendir á, að í forsendum og niðurstöðum héraðsdóms segi m. a.:

„Samkvæmt þessu verður á það fallist með stefnda vegagerðinni, að milli hans og stefnanda sé ekki samningssamband og stefnandi eigi ekki rétt á að beina að stefnda (vegagerðinni) kröfum í máli þessu. Beri því að sýkna stefndu vegagerðina sökum aðildarskorts.“ Með vísan til þessara forsendna hafi greiðsla sú, sem um sé deilt í máli þessu og sóknaraðili hafði krafist kyrrsetningar á, réttilega verið greidd varnaraðila, en í endurriti kyrrsetningargerðar segi m. a.: „Að ábendingu lögmanns gerðarbeiðanda er kyrrsett greiðsla til gerðarþola frá Vegagerð ríkisins.“

Því er haldið fram, að sjónarmið skiptastjóra um niðurfellingu kyrrsetningarinnar, sem fram komi í bréfi hans frá 21. september 1995, hafi verið staðfest í héraðsdóminum. Þar hafi m. a. verið komist að eftirfarandi niðurstöðu:

„Ekki var samningssamband milli stefnanda og stefndu vegagerðarinnar. Hin kyrrsetta greiðsla var vegna kröfu, sem stefndi, Vilhjálmur Húnfjörð, átti á hendur stefnda vegagerðinni, enda var kyrrsetningin gerð í greiðslunni sem hans eign. Greiðslan á því að renna til þrotabúsins, og verður ekki fallist á röksemd stefnanda fyrir staðfestingu kyrrsetningar. Verður í dómsorði kveðið á um, að kyrrsetningin hafi úr gildi fallið við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðarins 21. júlí 1995.“ – Hæstiréttur hafi staðfest dóminn að þessu leyti með vísan til forsendna hans.

Varnaraðili kveður sóknaraðila reisa kröfu sína um viðurkenningu sér-tökuréttar á 109. gr. laga nr. 21/1991, þar sem segi, að afhenda skuli eign eða réttindi í vörslum þrotabús þriðja manni, ef hann sanni eignarrétt sinn að þeim. Samkvæmt orðalagi greinarinnar virðist hún einkum taka til eignarréttar á afmörkuðum munum og réttindum, en síður til peningagreiðslna. Varnaraðili telur, að ósérgreindar fjárhæðir geti alls ekki fallið undir ákvæði 109. gr. gjaldþrotalaga. Taki greinin í raun til peningagreiðslna, hljóti það aðeins að vera í þeim tilvikum, að skuldara hafi af einhverjum ástæðum verið skylt að halda umdeildum fjármunum aðskildum frá sínum eigin og í raun gert það.

Varnaraðili telur hina umdeildu peningagreiðslu eign varnaraðila og vís-

ar um það til niðurstöðu héraðsdóms, þar sem segi: „... , enda var kyrrsetningin gerð í greiðslunni sem hans eign“ (eign varnaraðila). Þessi niðurstaða hafi verið staðfest í Hæstarétti. Þegar af þessari ástæðu geti sóknaraðili ekki stutt rétt sinn 109. gr. gjaldþrotalaga.

Með hinum tilvitnuðu dómum hafi þrotamaður hins vegar verið dæmdur til að greiða sóknaraðila þá fjárhæð, er mál þetta snúist um, auk hærri fjárfkrafa. Allar fjárkröfur sóknaraðila hljóti því að vera almennar kröfur í þrotabúið, eins og varnaraðili hafi haldið fram og samþykkt.

Annað skilyrði 109. gr. gjaldþrotalaga sé, að eign þriðja manns hafi verið haldið sérgreindri. Varnaraðili kveður ætlaða sérgreiningu byggjast á því, að sóknaraðili hafi fengið hina umdeildu fjárhæð kyrrsetta. Hann bendir á, að samkvæmt 138. gr. gjaldþrotalaga falli kyrrsetning í eign þrotamanns niður við töku bús hans til gjaldþrotaskipta. Jafnframt heldur hann því fram, að ef fallist yrði á, að með kyrrsetningunni hefðu hinir umdeildu fjármunir verið sérgreindir í skilningi 109. gr. gjaldþrotalaga, væri vegið að ákveðnum grundvallarreglum gjaldþrotaréttarins og raskað jafnréttisgrundvelli einstakra kröfuhafa innbyrðis.

V.

Niðurstaða.

Lögmaður sóknaraðila, sem jafnframt er skiptastjóri í þrotabúi Vilhjálms Húnfjörð, lýsti yfir í málflutningsræðu, að greiðsla sú, að fjárhæð 1.814.217 kr., sem vegagerðin afhenti honum 17. nóvember 1995, hafi verið lögð inn á reikning þrotabúsins og standi þar óhreyfð.

Í fyrrnefndri kyrrsetningarbeiðni sóknaraðila til sýslumannsins í Kópavogi var þess farið á leit, „að kyrrsett verði af eignum gerðarþola til tryggingar skuld hans við gerðarbeiðanda...“. Samkvæmt ábendingu frá sóknaraðila var greiðsla sú frá vegagerðinni, sem um er deilt í máli þessu, kyrrsett af sýslumanni 29. mars 1995. Í dómi Héraðsdóms Reykjaness frá 17. október 1995 var talið, að ekkert samningssamband hefði verið á milli sóknaraðila og vegagerðarinnar, og var hún því sýknuð vegna aðildarskorts. Í dóminum var talið, að hin kyrrsetta greiðsla hefði verið vegna kröfu, sem Vilhjálmur Húnfjörð hefði átt á hendur vegagerðinni, enda hafi kyrrsetningin verið gerð í greiðslunni sem hans eign. Varð því niðurstaðan sú, að greiðslan ætti að renna til þrotabúsins og að kyrrsetningin hefði fallið úr gildi við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðarins 21. júlí 1995.

Eftirfarandi orðalag í dómi Hæstaréttar Íslands: „Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann um það, að sú fjárhæð, sem um samdist á fundinum 30. desember 1994, skuli renna til áfrýjanda,“ – verður að skoða

með hliðsjón af rökstuðningi í dóminum að öðru leyti. Verður ekki talið, að framangreint orðalag feli í sér annað og meira en rök fyrir þeirri niðurstöðu, að Vilhjálmí Húnfjörð hafi borið að greiða sóknaraðila bótafjárhæðina án lækkunar vegna frádreginna dagsekta.

Rökstuðningur í héraðs- og hæstaréttardóminum verður ekki skilinn með öðrum hætti en þeim, að sóknaraðili hafi ekki átt kröfu á hendur vegagerðinni og því aldrei orðið eigandi þeirrar bótafjárhæðar, sem samkomulag náðist um við vegagerðina frá 30. desember 1994 og hún greiddi síðar varnaraðila. Hins vegar var í hæstaréttardóminum fallist á, að sóknaraðili ætti kröfu á hendur Vilhjálmí Húnfjörð, sem næmi þeirri fjárhæð, er vegagerðin greiddi þrotabúinu, að viðbætti fjárhæð þeirra dagsekta, sem vegagerðin dró af bótagreiðslunni vegna tafa á verkinu. Í dómsorði sagði, að dómur á hendur Vilhjálmí Húnfjörð væri bindandi fyrir þrotabú hans.

Í dómi Hæstaréttar Íslands var, sem fyrr greinir, ekki fallist á, að sóknaraðili hefði verið í samningssambandi við vegagerðina, og gat hann því eingöngu beint kröfum sínum að viðsemjanda sínum, Vilhjálmí Húnfjörð. Sú aðstaða, er sóknaraðili sem undirverktaki komst í gagnvart viðsemjanda sínum við gjaldþrot hans, er ekki einsdæmi. Fyrir liggur, að greiðsla sú, sem þrotabúið fékk frá vegagerðinni, var til komin fyrir tilstilli sóknaraðila, og kann því að virðast ósanngjarnt, að hún verði öðrum en honum í hag. Á hitt ber hins vegar að líta, að gjaldþrot veldur viðsemjendum þrotamanns óhjákvæmilega tjóni, og er lögum um gjaldþrotaskipti o. fl. m. a. ætlað að tryggja jafnræði kröfuhafa við skipti. Að því miðar m. a. 109. gr. laganna, þar sem sett eru tiltölulega þröng hlutlæg skilyrði fyrir afhendingu verðmæta úr þrotabúi utan skuldaraðar.

Þegar af þeirri ástæðu, að sóknaraðila hefur ekki tekist að sýna fram á eignarrétt sinn að umræddri greiðslu frá vegagerðinni, verður ekki fallist á, að honum verði afhent greiðslan utan skuldaraðar á grundvelli 109. gr. laga nr. 21/1921. Verður því að fallast á með varnaraðila, að einungis beri að samþykkja fjárkröfu sóknaraðila sem almenna kröfu í þrotabú Vilhjálmss Húnfjörð.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Sigurður T. Magnússon héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfu sóknaraðila, Einars Einarssonar, að varnaraðili, þrotabú Vilhjálmss Húnfjörð Vilhjálmssonar, afhendi honum 1.814.217 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 utan skulda-

raðar, er hafnað. Staðfest er, að samþykkja beri fjárkröfu sóknaraðila sem almenna kröfu í þrotabú varnaraðila.

Málskostnaður fellur niður.
